4 ár

# Vísinn

Lestrarfélagsblað
í Miklabæjarsókn

IV árgangur
1. blað

Ökrum og Grundarkoti
22. apríl 1902

Gísli Björnsson Jóhannes Jónsson
ritstjórar.

Heiðraðir félagsmenn.

Af því að nú er útlit sama sem útkomin sá blaða fjöldi af Viljanum sem lofað var eða búist var við í fyrstu leyfum vér oss að byrja ritstjórn vora á nýja því vér treystum ekki við að þeir sem voru ritstjórar að 5. og 6. blaðinu finni neina skyldu hjá sér að halda áfram, en af því vér höfum nóg til að minnsta kosti í 1. blað þá virtist oss réttast að byrja nýja ritstjórnar umferð þótt henni að öllum líkindum verði eigi í þetta sinn haldið út til enda, þá mætti byrja þar aptur að vetri – ef blaðið yrði þá aptur gefið út – sem nú er endt.

Það þykir ef til vill órið kunnan legt að 7. blaðið komi út áður en 6. blaðið er búið að enda göngu sína, en eptir því má eigi bíða svo það er nú orðið búið að þessi tvö blöð mætist á miðri leið vegna þess líka að annað þeirra byrjar göngu sína að framan en hitt að utan, en það er vonandi að þótt einstaka menn lesi þetta blað áður en að þeir lesa hitt að það gjöri þeim ekkert til því efni þessara blaða eru órétt eigi í neinu sambandi.

Að svo mæltu óskum vér öllum vorum samfélagsmönnum góðs og gleðilegs sumars.

G. B. Joh. J.

# Enn um ofn kaupin.

Það muna víst allir eptir því að eg í öðru blaði Viljans minntist á það sem í fáum orðum, að við ættum nú að fá okkur ofn í Miklabæjar kirkju og hafði það fyrir ástæðu að ei væri sitjandi í henni fyrir kulda þegar kaldast væri að vetrinum, en síðan hefi eg ekkert minnst á þetta en ýmsir aðrir hafa tekið skoðanir sínar í ljósi og hafa þeir talið það óframkvæmanlegt vegna dýrleika en hvort svo er í raun og veru er eg ekki viss um enn sem komið er ef oss vantaði eigi vilja til þess og eg get ekki meint það að það verði svo dýrt að það væri mjög tilfinnanlegt fyrir heila sókn að leggja út í það. Við skulum

því athuga það afur lítið betur áður en vér slá'um því föstu að það sé ómögulegt.

Þá er það fyrst og fremst ofninn sem þarf að leggja fé út fyrir setjum svo að hann kosti 30 kr Nú og svo höfum við það einhverstaðar skriflegt frá Sigurði í Sólheimum um að ofninn muni ekki hitna af sjálfum sér og að þess vegna þurfi að kaupa kol til að hita [hann] upp með þetta er nú að vísu mjög auðskilið, en það er ekki víst að menn hefðu svo fljótt athugað þetta og á því Sigurður heiðurinn af þessari uppfyndning. Það er nú samt ekki sérlega mikill kostnaðar auki við þetta því 1 kola poki eða einn hestur af eldi við mundi að líkindum nægja til ílagningar kirkju hvern messu dag að vetrinum og er það

ennar til tveggja króna kostnaður
yfir árið, en svo þarf auðvitað að
vátryggja kirkjuna fyrir eldi og það
verður mesta gjaldið af því það er árlega
en, eg get ekki hugsað mér annað en
að kirkjan sé svo stæð að hún sjálf
að mestu eða öllu leyti gæti borgað
það gjald, en sóknar fólkið legði til
ofninn og það sem hann þyrfti með
það væri ekki annað en stofna til
tombólu til að fá þá peninga og
meira til, enn fremur væri það óski
legt eins og einn heiðraður félags maður
stakk upp á að keyptur væri Ljósahjálm-
-ur í kirkjuna hún er sannar lega
þess verð að hún sé prýdd með einhverju
og væri því ekki nema mannlegt
af okkur að kaupa hann líka
Eg orðlengi þetta svo ekki meir
að sinni en vona að sóknar menn
íhugi þetta.
Gísli Birnsen

# Hús og hey fyrir hross

\+ + +

Í 5. blaði Viljans er grein eptir
Sigurð í Sólheimum um þarfasta
þjóninn mjög samviskusamlega og
sanngjarnlega ritað eptir því sem
eg hef best vit á, en það er aðeins
eitt atriði í grein þessari sem eg er
í vafa um hvort rétt er eða eigi
Mér skilst það á orðum Sigurðar
að sumstaðar muni vanta hús yfir
hrossin en hann fer þá mjög gæti
lega í að segja neitt ákveðið um það.
En aptur á móti hefur Árni Hallgríms
-son tekið hið sama skýrt fram í
grein sinni „Hitt og annað“ þar sem hann
segir: „Það er skylda hvers manns að
hafa hús og hey handa hrossum
sínum en víða mun vera misbrestur
á því hér um slóðir.“ Ef þetta er
satt sem þessir tveir menn benda á

er það yfrið ljót regla sem menn hafa viðvíkjandi þessum blessuðum aumingjum, nefnil. lega hrossunum því eg get ekki meint að þetta sé tómt manna flapur það væri líka arið ljótt að bera slíkt út um náunga sinn, en þegar menn minnast á þetta á annað borð vil eg láta þá rökstyðja það með því að tilgreina þá sem svona hugsunarlítið fyrir velliðan skepna sinna auðvitað væri það þeim til skammar ef það vitnaðist um þá, en það væri ekki netna makulegt handa þeim og gæti orðið til þess að þeir bættu ráð sitt, og færu að koma sér að minnsta kosti upp skýli yfir hrossin

Eg vildi því helst óska að Sigurður og Árni segðu til hverjir þessir menn eru svo hægt væri að predika alvarlega fyrir þeim um þetta efni

G.B.

# Þakkarávarp
## til Árna Hallgrímssonar

— " — " — "

Ó, göfuga, gáfaða og góðgjarna ungmenni! mikið má eg vera þér þakklátur fyrir sendingarnar í 5. bl. Viljans, enda segja þessar fáu línur að færa þér mitt hugar ánna, nei hjartans fyllsta þakklæti fyrir allann þann fróðleik, allar þær bendingar og allar þær góðu upplýsingar, sem þú hefur látið mér í tje með áður nefndum ritsmíði þínu. Já það má nú segja að það er prýðis vel samið að enda á ekki langt að sækja það þótt þú sért lagtækur og það er hreint ekki þér að kenna þótt ofurlitlir smáirgallar finnist á því, það er aðeins fyrir það

að þig hefur vantað gott efni
til að smíða úr. Það er líka engum
heilvita manni ofætlun að sjá
það hvað er vitt það er að hnoða
saman smá ósannindum, málsögu-
um, hugsunarflækjum og hortittum
svo að vel fari, og eg efast um
að nokkrum hefði tekist það
eins vel eða að minnsta kosti ekki
betur en að þér hefur tekist.
Eg ætla nú samt allra virðingarfyllst
að leyfa mér að minnast ofurlítið
á þessa áður nefndu smíðisgalla því
eg veit að þú tekur ekki hart
á mér fyrir það, einkum þar sem
eg er búinn að taka það skýrt
fram, að það er ekki hægt að ásaka
þig um þá.
Það er þá fyrst og fremst að
minnast þeirra orða er þú sagðir

að eg hefði hvað eftir annað gengið
berserksgang í Viljanum. Þessi orð
eru smá ósannindi, því eg get sagt
þér það fyrir víst að eg hef aldrei
á æfi minni gengið berserksgang
allra síst í Viljanum, því eg hef
aldrei troðið hann undir fótunum
eða stigið mínum fæti hvorki
í hann né á, og þótt Sigurður
í Sólheimum hafi ~~tet~~ ritað í
hann langa og snjalla ritgjörð
um fjallskil, máttu ekki hugsa
þér að hann sé orðinn að fjall-
lendi eða upprekstrarlandi fyrir
stóð og sauðfé, það var líka engin
hætta á því þótt svo hefði verið
að eg hefði þurft að fara í göngur
í Viljanum að eg hefði gengið
þar berserksgang, því eg er ekki

svo frá á fæti.
En það er ekki svo að skilja
að eg sé neitt óánægður með berserks
nafnið, því það hafa ætíð verið
heldur mikilmenni, en lítilmenni
sem berserkir hafa verið kallaðir
en það gleður mig samsarlega(?) að
sjá það hvað hugprúður þú ert
að ganga hiklaust á móti þeim
sem þú álítur að sé hinn mesti
berserkur, með því sjálfstrausti
og sjálfsáliti í brjósti þér, að þér
muni takast að leggja hann af velli
Slíkt sjálfstraust og sjálfsálit er
óvíst hvergi hægt annarstaðar að
finna en hjá þér, því nú er
Sölvi heitinn Helgason ekki lengur
ofan jarðar, en allir vissu að hann
hafði hvorttveggja í ríkuglegum mæli
og það tjón ~~sa~~ sem mannfélagið

varð fyrir við fráfall hans er
nú að fullu bætt, með tilveru þinni.
Það var stór ánægja fyrir mig
að þú skildir fallast á þá skoðun
mína, að erviðara sé að byggja á
verkunum en að halda því áfram
því úr því þú einu sinni ert
búinn að gefa þann úrskurð að
það sé þannig, þá get eg ekki ímyndað
mér neinn svo heimskann að álíta
annað. En um letina kemur
okkur ekki eins vel saman, það hlýtur
sjálfsagt að vera rétt hjá þér að það sé
ekki af leti fyrir félagsmennum að
þeir riti eigi í Viljann heldur sé
það af þessu áræðisleysi sem eg var
svo flónskur að kalla hugleysi en sem
þú nú ert búinn að sína að er allt
annað, og eg fellst nú á það með
þér að hvetja félagsmenn til að

Kalla á burtu deyfð og drunga sem svo raunalega lengi hafi hvílt yfir þeim, því það er víst ónögulegt fyrir þá að álýta það að við með því séum að bregða þeim um leti.

Eg held því, að þegar við förum næst að áminna þá og hvetja til að skrifa í Viljann, að við megum hafa það hérumbil svona:

Heiðraðir félagsbræður, kastið nú á burt allri deyfð og öllum þeim drunga er svo ógurlega raunalega hefur hvílt yfir mörgum af ykkur og aptrað ykkur frá að skrifa í Viljann en aukið og eflið af öllum þeim mætti sem þið eigið til þann litla vísir sem í ykkur er af leti og ómennsku því þá eruð þið vissir með að verða góðir rithöfundar.

Einnig skuluð þið hafa það hugfast að hrinda í burt áræðileysinu en ala önn fyrir hugleysi, því þér hafið mjög gott af því.

Svona skulum við nú Árni minn góður prédika framvegis fyrir fólkinu því þá er ekki hægt að segja að við komumst í hina minstu mótsögn við sjálfa okkur.

Þá kemur lúsablesa orðið til sögunnar, við höfum nú að mestu leyti komið oss saman um hverja merkingu það hefur og að það sé orðskrípi og vitleysa get eg vel fallist á, úr því þú varst svo vænn að segja mér frá því og þökk eg hafi t. d. séð að Hannes ritst. Þjóðólfs hefur leyft sér að brúka þetta orð í grein er hann ritaði um Norðurland, þá getur það allt fyrir það verið vitleysa því að honum óásökuðum er hann ekki málfræðingur á móti þér

og væri það því stór hagur fyrir
Íslenska tungu að því væri orðin
ritstjóri í hans stað. Já sælir erum
við Miklabæjar sóknar menn að eiga
þig fyrir ritstjóra þótt ekki sé nema
að tveim úr númerum af litla Viljan-
um okkar, það er ekki að vita hvað
mikið gott kann af því að leiða.

Það er æfað mikill munur á því
að vera lúsablesa (N.B. = ómögulegur) legur, á andlegum efnum
eða það að vera andlega snauður enda
er það allt annað eins og hér skal sýnt.

Lúsablesi. Snauður.
Óþrifinn. Fátækur.

Gjörum ú því sam tal á milli
um okkar.

Jeg. Ertu búinn að læra það Árni
Þú. Já, eg held það
Jeg. Hvernig er það þá?
Þú Lúsablesi. Snauður. Óþrifinn Fátækur.

Jeg. Rétt er nú það, en eru þá
þessi orð byggð á sama grundvelli?
Þú. O, onei.
Jeg. Heldur hvað?
Þú álíkum grundvelli
Jeg. Hafa þá þessi orð öll sömu
þýðingu eða tákna þau öll hið
sama?
Þú. Ekki held eg það. nei. Lúsablesi
og óþrifinn hafa sömu meiningu
og snauður og fátækur aptur sömu
meiningu, en það fylgir alls
ekki að sá sem er snauður
sé líka óþrifinn og ekki heldur
sá sem ríkur er sé ætíð þrifinn.

Jeg. Þetta er alveg rétt mikið
gull af manni ertu Árni
minn og vona eg að við séum
nú búnir að tala út um þetta
f...... lúsabl. orð og kenna því vel
inn í höfuð allra meðlima þessa

lestrarfélags að það sé orðskrípi og úrtleysa.

Þá kemur það næst að minnast á stóra stökkið sem þú tekur Árni Sæll í þessari gersemis ritsmíð þinni þar sem þú hleypur frá því málefni sem vér áttum að ræða um yfir á allt annað og það hlaup eða stökk er svo langt að eg er viss um að það er tölu vert lengra en það er Skarphéðinn hljóp forðum yfir Markarfljót. Mér er sem eg sjái þig á fluginu með útglent klofið enn hvað það er myndarlegt. en það var einu bótin að þú komst þar niður sem eigi var mjög hart undir, því annars hefðirðu ef til vill meitt þig í fallega fótunum þínum. Já meira að segja ef til vill farið eins og hinn gamli þegar hann

hljóp fram af Dalsár bökkunum nefni eg ekki með brotinað.

Nei barna uppfræðingin er ekki svo hörð að neinn skaði sig á henni þótt hann komi niður á hana en af þessu orðalagi þínu sem á því hefur verið, hefur víst eg raskast eitt hvað í þér heilinn, því það er næstum sjálfgefið að þú talir eða ritir í óráði og vitleysu eins og mér virtist þú gjöra eptir hlaupið hið mikla t. d. þar sem þú ert að fara orð að því að eg muni álíta eða kjósi eptir fyrri fram komu minni að álíta nýfermda unglinga eins hæfa til barna kennslu eins og bi fræðinga. Nei slíka muni slík vitleysa hefur mér aldrei til hugar komið og kemur að líkindum aldrei og ekki hefi eg heldur

haldið bífrædingum fram sem
barnakennurum og ekki heldur sem
miklum mennta mönnum, heldur
aðeins sagt að hagt mundi vera að
finna bífrædinga sem stæðu nokk-
urn veginn realstúdentum á sporði
Annars kemur þetta ekkert voru
málefni við það er svo langt frá
því sem austrið er frá vestrinu.
En heldur væri að minnast þekar
á það hvað það væri sem helst
hjálpaði manni til að rita greinar
stíl í blað, um það hefur þú sagt
mikið og margt og meistara lega í
hugað það og kemist að þeirri niður
stöðu að það myndi helst menntun-
in veita og í því er eg þér samdóma
og þakka þér fyrir uppfindinguna
Eg vil nú samt álíta að eg hafi
að nokkru leyti verið búinn að
finna það út, því góð æfing í stýla
gjörð get eg ekki annað álitið en
að sé einn áuxi af menntuninni
og sá [illegible] sem æfður er í að semja
stýla frá sínu eigin brjósti sé fær
um að skrifa greinar stíl í blöðum
og eg ímynda mér að allir góðir barna-
kennarar láti börnin semja fjölda
þannig lagaðra stýla og að barnið
um og eptir ferminguna með þannig
lagaðri margra vetra æfingu geti verið
eins vel að sér eða eins fært í þeirri
list eins og þeir er tvo vetur hafa gengið
á skóla, eg hefi heldur aldrei hugsað
mér að taka meðaltal af öllum börnum
um ferminguna heldur hefi eg alltaf miðað
við vel uppfrædd börn t.d. við þig
og þína líka sem ódast hafið num

hvania 6 í aðal enkun við ferm-
ingar próf, en það getur vel verið að
mér hafi skjátlast í þessu fyrir
ókunnugleika á æfingu barnanna
í skyldugjörðinni.

En eitt er það sem mér finnst
alldeilis óþolandi af þér að segja og
það er það að þú skulir kalla sjálfan
þig ómenntaðann alþýðu strák, því
það getur hreint ekki verið rétt þar
sem þú, eins og eg hefi áður sagt
hefur fengið ágæti enkun við ferming-
ar-próf, en mikið er eg þér þakk
látur fyrir það að þú hefur ekki
dregið af mér þessar litlu nafnbætur
sem eg hefi öðlast, eg er til dæmis
ekki lítið upp með mér af því að
vera oddviti alls Akrahrepps sem
er víst einhver með mestu hreppum

landsins. Það hefur mörgum fundist
til um minna.

Ó vinur og veglyndi Árni eg vil
að endingu mælast til að þú
sendir mér ekki aðra eins sendingu
aftur, því eg fann van mátt minn
til að þakka það og launa sem vert
er og ef við þurfum að tala frekar
um þetta en komið er þá vildi
eg mælast til að við gjörðum það
á næsta lestrarfélags fundi svo fleirum
gefist kostur á að taka þátt í
þessum mikilvægu málum okkar.

Að svo mæltu enda eg þessar
fáu línur eða þetta litla þakkar
ávarp með þeirri ósk að þú takir
viljann fyrir verkið og fyrir gefir
þátt í því kunni að finnast

orðskrípi og vitleysur. Kveð eg
þig svo og óska þess að þetta
litla lestrarfélag mætti njóta
þín og þinna miklu hæfileg-
leika sem lengst og eg vil
ráð leggja öllum félagsmönnum
að fela þér framvegis alla ritst.
og alla umsjón á Viljanum
því í þínum höndum og undir
þinni veglegu stjórn gæti eg
trúað að hann ætti bæði fagra
og langa framtíð fyrir höndum.
Sælt er það lestrarfélag hvar
þú ert meðlimur og það blað
er þú skrifar í.
Með beztu óskum og kærri kveðju
Gísli Björnsen

Nú er hann þá bráðum
búinn, blessaður veturinn.
En hvernig hefur hann þá verið?
það er víst óþarft að fullyrða
það að hann hefur yfir leitt fremur
erviður verið og sérstaklega fyrir skepnur
það sýna það aumingja hrossin sem
úti hafa gengið og jafnvel hin
líka sem við hús hafa verið
því síðan eg kom hér frameftir
hefi eg aldrei séð þau jafn mögur
og nú og þess væri óskandi
að þau lifðu öll af, að öðru leyti
er samt skepnu hold eftir þennan
vetur fremur góð eftir því sem
eg hefi heyrt sagt eftir skoðunar
mönnunum, en eg gæti vel trúað
því, að þeir væru eigi nógu vand
látir og að það í raun og veru

veri eigi eins góð og þau ætti að
vera eða gæti verið; að vísu hafa
heyin eyðst mjög mikið í vetur, en
það fer ekki ætíð saman mikil
hey eyðsla og góð skepnu hald, því
bæði er það að heyin eru mismunandi
að gæðum og eins hitt að opt má
spara þau svo lög lega á kaldið þar
sem nokkur úti beit er, en það hefur
nú verið svo ókostar við þenna umm
vetur, að hann hefur verið mjög
um hleyppinga samur, með öðrum orðum
tíðin hefur verið mjög óstöðug og þótt
jörðin hafi verið, hefur ekki verið
hægt að nota þar fyrir óstöðugleika
veðrattunnar, menn hafa því orðið
að gefa inni og þessvegna eytt miklum
heyjum, en skepnurnar eru opt og
tíðum ekkert betur haldnar fyrir
það, heldur en þótt þeim hefði verið
beitt og gefið minna í skaplegri tíð
eins og t. d. var í fyrra vetur.
En það er nú samt vonandi, að þótt
þessi vetur hafi verið fremur harður í
garð skepnanna, að allt lifi af ef vorið
verður ekki því harðara, því eptir því
sem heyrst hefur eru allflestir fremur
velstæðir með hey og sumir svo hey
sterkir að þeir geta hjálpað öðrum
stór kostlega hafa reglulega hey banka
og vér meigum vera sannarlega upp-
með oss af því Miklabæjar söknar
menn að þessir helstu heyfirninga
menn eru einmitt á meðal vor
fyrir utan það, að Miklabæjar sókn
er að öðru leyti ekki ver ef ekki
betur stödd með hey en aðrar sóknir
eða aðrir plass.
En hvað er það nú sem þessi
umliðni vetur hefur kennt oss, eða

hvað er það helst sem hann hefur sýnt okkur fram á?

Hann hefur fyrst og fremst sýnt oss fram á það, að það er ekki áreiðanlegt að byggja á útigang skepnanna þegar verið er að setja á að haustinu eða með öðrum orðum, sagt oss það, að það væri fallvalt að setja skepnur sínar á, eins og mál tækið segir „guð og gaddinn„ heldur ætti menn að hafa eigi fleiri skepnur en það, að þeir hefðu nóg hey til að gefa inni hvernig sem viðraði enn fremur hefur hann sýnt oss fram á það, að ófært er annað en að hafa nógileg hús yfir allar sínar skepnur til þess að geta skengið þeim inn þegar kaldast er enn fremur, að húsin séu rúm og loptgóð, því hver kreggja hefur

fóður sparnað í för með sér.
Enn fremur hefur hann nú sýnt oss fram á það, með því að eyða upp fyrir nær öllum vorum nýjum og gömlum heyjum, að við á næst komandi vetri megum til með að setja vel á, því mikla betur en vér gjörðum margir hver síðast liðið haust, það dugar ekki t. d. að setja kúrina á 2 hesta þegar maður er búinn að fá reynslu fyrir því að hún getur eytt, eða þarf 5–6 bagga og eins er það með hrossin, að það hjálpar ekki að ala þeim bæði illt og lítið þegar sumarið er fengið, fyrir því að þau þurfa bæði gott og mikið en það er ekki gott að segja neitt ákveðið um það hvað þau þurfa mikið fóður yfir veturinn, það er svo ákaflega mismunandi og fer

nor eingöngu eptir tíðar fari og
ásig komu lagi þessa sjálfra, en það
er ~~at~~ áreiðanlegt að ef það þarf að
taka hross á annað borð þá þurfa
þau mikið og heldur gott fóður ef
þau eiga að haldast við, ekki síst
ef þau eru orðin mögur þegar þau
eru tekin, sem í sjálfu sér er víst
skaði. Eg hefi eytt að meðal tali
í vetur 3 hestum af góðu heyi
í hvert mitt hross fyrir utan allar
rekjur og moðúrgang sem eg hefi
einnig gefið þeim og sem eg gæti
hugsað að samsvaraði 2–3 hestum
af allgóðu heyi, þess vegna gæti
eg hugsað mér að sá sem legði 5
hesta fyrir hvert hross yrði nokkuð
byrgur fyrir þau, þótt harður vetur
væri, ekki síst ef hann hefur
þá nokkuð af öðrum skepnum

og gæti drýgt hrossa fóðrið með
úrgangi frá þeim.

Kýrnar ætti ekki að vera vandi
að setja svo á að fóður skorti
eigi fyrir þær, að vísu er það mjög
mismunandi bæði hvað þær þurfa og
hvað þeim er gefið, og getur því hey
eyðslan farið nokkuð eptir því hver
örlátur sá er, er gefur þeim, en
þeir er eigi skipta sér lega um fjós-
menn ættu að vera búin að fá
reynslu fyrir því hvað þær þurfa mikið.
Eg segi fyrir mitt leyti að eg er
ekki vel byrgur ef eg hef ekki
alltað 50 hestum svona rétt af
meðal bandi sem kallað er, handa
kúnni og þykir það víst sumum um
mikið, en eg vil heldur hafa kúnni
færra og geta gert betur við þær
heldur en hafa kúnni fleira og

þurfa ad hvelja þor, því bæði er
það skemmtilegra og einnig hagar
því það: er hér um bil víst að 2
kýr sem reglulega vel er gefið mjólka
meira en 3 sem illa er gefið en
eyða samt ekki einis miklu fóðri
fyrir utan það að útgjöld eru minni
af þeim 2ur en 3ur.

Það er allt svo skaðinn með
þótt hún sé ekki til vill byggð á
veikum grundvelli, að vér meigum
alvarlega gá að því á næstkomandi
hausti, að setja svo á, að við verðum
eigi á næstkomanda vori í voða
staddir fyrir skepnur vorar, eða
til minna vér ess veslum nú
og í þeim til gange að vara menn
við því ástaði og þessar fáu línur
og vona eg menn, taki það eigi illa
upp fyrir mér.

Gísli Bjarnason